

að gjöra neinar ráðstafanir útaf bænarskrá þeirri, sem að ofan ^{1861.}
 er getið. En ef svo skyldi breytast, frá því sem nú er, að yður, ^{17. aprilm.}
 herra amtmaður, kynni virðast nauðsyn til bera, að gjörðar séu
 slíkar ráðstafanir sem bent er á í bænarskránni, eigið þér að leita
 til hinna amtmannanna á Íslandi, er í dag hefir verið ritað
 um þetta efni, um þær framkvæmdir, er að þessu lúta, og koma
 yður saman við þá bæði um það, hvernig vörðunum skuli hagað,
 og hvernig kostnaður til þeirra skuli niður koma, en hann verður
 að lenda á umdæmunum sjálfum, og má eigi búast við nein-
 um styrk til þeirra úr ríkissjóðnum¹.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, 23. aprilm. um póstmálefni Íslands.

Þegar fjárstjórnin var búin að lýsa því yfir við dómsmála-
 stjórnina, í heiðruðu bréfi 10. októberm. 1858, að hún yrði að
 halda það óráðlegt að fá aðalpóststjórninni í hendur stjórn hinna
 íslenzku póstmálefna, þá varð að sleppa þeirri fyrirætlun, að
 minnsta kosti fyrst um sinn, að sameina þessi póstmálefni við
 hin almennu póstmálefni alríkisins. Síðan hefir verið skipuð
 nefnd manna í Reykjavík árið 1859, og voru í henni allir amt-
 mennirnir á Íslandi, landfógetinn, og einn maður er alþingi kaus;
 var það ætlunarverk nefndar þessarar að búa til uppástungur um
 fyrirkomulag póstmálefna á Íslandi, og um póstferðir milli kon-
 ungsríkisins og Íslands. Eftir að nefndin var búin að senda
 hingað uppástungur sínar, var samið í dómsmálastjórninni frum-
 varp til tilskipunar fyrir Ísland, um sendingar með póstum.

Það er nú áform dómsmálastjórnarinnar, að leggja frum-
 varp þetta fyrir alþingi það, er haldið verður þetta árið, til
 þess það segi um það álit sitt, en áður en þetta sé gjört, hefir

1) Sama dag var stiptamtmaninum yfir Íslandi og amtmanninum yfir
 vesturumdæminu ritað um málefni þetta. Var þeim sent eptirrit
 af bænarskránni og bréfi amtmannsins yfir norður- og austurum-
 dæminu, og gefið til vitundar hverju amtmanninum hefði verið
 svarað.

1861. þótt við eiga að biðja um athugasemdir fjárstjórnarinnar um
23. aprílm. frumvarpið; hefir ekki að eins eðli máls þessa hvatt dómsmála-
stjórnina til þess, heldur og það heit hinnar heiðruðu fjárstjórn-
ar, að láta í tæ aðstoð sína til að koma skipulagi á málefni þetta.

Dómsmálastjórnin sendir því fjárstjórninni með bréfi þessu
frumvarp það, sem nú var nefnt, og þau tvö lagafrumvörp, er
nefndin hefir samið, og skal um leið skýrskotað til ástæðna
þeirra, er þeim fylgja, en um frumvarpið í heild sinni skal nú
farið nokkrum orðum:

Dómsmálastjórninni virðist eigi vera nægileg ástæða til að skipa
fyrir um málefni þetta í tveim lagaboðum, eins og nefndin hefir
stungið upp á, þannig, að í öðru lagaboðinu skyldi ákveðið um
póstferðir milli Danmerkur og Íslands, en í hinu um póstmál-
efni á Íslandi. Hið einfaldasta og eðlilegasta virðist vera, að
einungis ein lög komi út fyrir Ísland, um sendingar með póst-
um, og í þeim sæu einnig þær ákvarðanir, sem þörf er á, um
póstferðir milli Danmerkur og Íslands. Menn hafa og áþekkt
dæmi fyrir sér, þar sem er tilskipun 10. júlím. 1855 um lög-
gilding dönsku póstlaganna frá 11. marzm. 1851 á Vestureyjum.
Þvínæst hefir verið sleppt úr frumvarpinu þeim ákvörðunum,
sem eiginlega eiga heima í reglugjörð, t. a. m. hvernig flytja
skuli það, sem sent er með póstum, um póstvegina, tölu þeirra,
afgreiðslu pósta, stjórn póstmálefna, skyldur pósthjóna m. m.;
um allt þetta má ákveða í fararsamningi þeim, er gjöra
skal við hlutaðeiganda gufuskips-útgjörðarmann, og í reglugjörð
þeirri, er ætti að birta um leið og lagaboðið um sendingar með
póstum kæmi út.

Um sérstakar ákvarðanir frumvarpsins er þessu næst það
að segja, að þegar það var samið, var það byggt á frumvarpi
nefndarinnar; þó var einnig, að því er unnt var, höfð hliðsjón
af póstlögunum frá 11. marzm. 1851, og tilskipun fyrir Vestur-
eyjar frá 10. júlím. 1855. Þannig hefir verið tekin eptir
frumvarpi nefndarinnar ákvörðunin um, hverja hluti megi senda
með póstum (sjá 1. grein), um að greiða skuli fyrirfram burðar-
eyri, og um undantekningar frá þeirri reglu; um það, að burðar-
eyrir skuli vera hinn sami um allt land, um það, hve mikill

1861.

23. aprilm.

hann skuli vera, og um það, að álíta skuli sem bréf allt, sem sent er með póstum (3.—5. grein); enn fremur um minni bréfburðareyri fyrir dagblöð og önnur blöð, sem send eru með póstum í krossbandi (6. grein), og um ábyrgð þá, sem póststjórnin tekur að sér á peningum, sem sendir eru með póstum á Íslandi (7. grein). Í þessari síðustu grein virtist þó eiga að breyta töluvert frá uppástungu nefndarinnar; því bæði er það með berum orðum tekið fram, að póststjórnin ekki taki að sér neina ábyrgð til skaðabóta á öðru því, sem sent er með póstum, en peningum, og svo hefir og töluvert verið minnkað gjald það, er nefndin stakk upp á að greiða skyldi fyrir það, að póststjórnin tæki að sér ábyrgð á slíkum peningum, með því gjald þetta virðist vera svo mikið, að nálega yrði ófært að senda peningana með póstum, einkum fyrir þá, sem búa annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík, og vilja koma peningum hingað. Sú önnur breyting frá uppástungum nefndarinnar, er töluverðu skiptir, er í síðustu grein frumvarpsins; þar er svo fyrir skipað, að greiða skuli flutningseyri fyrir það, sem sent er með pósti millum Danmerkur og Íslands, en nefndin stakk upp á, að um það, sem sent væri með pósti þessa leið, skyldi farið að á sama hátt og að undanfögnu, og ætti eptir því ekki að greiða neitt fyrir þau bréf, er send væru með gufupóstskipinu. En ástæður þær, sem nefndin hefir tekið fram til styrkingar þessu gjaldfrelsi, virðast ekki vera svo afsmiklar, að á þeim verði byggð slík undantekning frá þeirri reglu, er gildir um allar aðrar póstferðir í alríkinu; því þó ekki væri heimtað neitt gjald fyrir það, sem sent var með pósti til Danmerkur meðan haft var til póstferðanna seglskip, er ekki fór landa á milli nema einusinni á ári, þá er vitaskuld, að slíkt er ekki nóg ástæða til þess að ákveða, að eigi skuli heldur heimta gjald þetta, eptir að búið er að koma á reglulegum póstferðum 6 eður 7 sinnum á ári, og koma nýju og betra skipulagi á póstmálefni bæði hér og á Íslandi. Það hefir því næst verið tekið fram, að þetta mundi töluvert auka störf þeirra, er eiga að afgreiða póstana, og að varla sé líklegt, að sá kostnaðarauki, er þetta mundi hafa í för með sér, yrði borgaður af tekjum þeim, er á þenna hátt fengjust; en eigi verður

1861. sèð að þetta sè rétt; því þegar á annað borð á að skipa
 23. aprilm. sèrstaklega póstafréiðslumenn bæði hær og í Reykjavík, þá virð-
 ist ekki eiga að veita þeim neina sèrstaklega borgun í því skyni.
 Á hinn bóginn yrðu tekjur þær, sem fengjust fyrir sendingar
 þessar, ekki svo mjög litlar; því núna síðustu árin hafa farið
 þessa leið með póstskipinu hær um bil 4000 bréf til einstakra
 manna, og þar að auki hær um bil 130 smábögglar, og má
 þannig telja víst, að nú þegar mundu fást í flutningseyri fyrir
 sendingar þessar frá 300 til 400 rdl., og mundu tekjur þessar
 vafalaust vaxa þegar betur greiðist úr ýmsum hlutum. Enn
 fremur sèst, að nefndin hefir stungið upp á, að ef svo færi að
 aðalpóststjórnin tæki að sèr að afgreiða póstin, þá skuli þegar
 heimta flutningseyri fyrir sendingar þær, sem hær er um rétt;
 en eigi virðist það eiga að gjöra neitt til sakar í þessu efni,
 hvort hin íslenska stjórnardeild afgreiðir póstin eða aðalpóst-
 stjórnin gjörir það.

Þegar flutningseyrir er ákveðinn hëðan og til Íslands, þá
 virðist engin ástæða vera til að senda að eins bréf með pósti
 með gufuskippinu þessa leið, því reyndar er það tiltekið í farar-
 samningi þeim, er gjörður hefir verið við verzlunarhúsið Koch
 og Henderson, að ekki skuli sendir bögglar í póttöskunum,
 en í fyrsta lagi er það athugandi, að engin föst takmörk eru
 sett milli þess, sem senda má með gufuskippinu sem bréf, og
 þess sem telja skal að sèu bögglar, og svo getur stjórnin þar
 að auki, þegar gjörður verður nýr fararsamningur (því sá, sem
 nú gildir, nær að eins til loka næsta árs), áskilið sèr rétt til að
 senda með póstskipinu þá hluti, sem sendir verða með póstum
 á Íslandi, smbr. 1. grein frumvarpsins. Til þess að lögin gætu
 orðið svo óbrotin og auðskilin, sem unnt er, hefir þótt réttast
 að forðast, að reglur um sendingar með pósti millum Danmerk-
 ur og Íslands væru öðruvísi en um sendingar með póstum á
 Íslandi, og hefir því í grein þá, sem hær er um rétt, verið
 sett ákvörðun um að reglurnar í 1.—6. grein frumvarpsins skuli
 einnig gilda um sendingar þær, er fari með hinu íslenska gufu-
 pótskipi, þó svo að flutningseyrir sè helmingi meiri en al-
 mennur bréfburðareyrir á Íslandi (smbr. 4. og 6. grein), og er

það áþekkt því, sem fyrir er mælt í tilskipun 10. júlím. 1855, 13. grein. 1861.

23. aprilm.

Enn skal dómsmálastjórnin sérstaklega leiða athygli fjárstjórnarinnar að því, hvort það muni nokkrum vankvæðum bundið, að heimta bréfburðareyri fyrirfram, að því er snertir bréf hëðan úr landi, eður úr útlöndum, sem póststjórnin hër á að koma til manna á Íslandi, og að svo mæltu biðja hið heiðraða stjórnarráð að láta í ljósi álit sitt um málið, og skal því einu við bætt, að dómsmálastjórninni er annst um að geta fengið svar svo bráðlega, að frumvarpið verði lagt fyrir alþingi í sumar, en þá þyrfti svarið að koma svo fljótt, að hans hátígn konunginum verði skýrt frá málinu, áður en gufupóstskipið fer hëðan næstu ferð, sem mun verða í byrjun júnímánaðar.

Með svarinu biður dómsmálastjórnin um, að send verði aptur skjöl þau er fylgja bréfi þessu.

Frumvarp það, sem um er rætt í bréfi þessu, er, að ýmsum smábreytingum undanskildum, samhljóða frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1861, að öðru leyti en því, að þar er sleppt síðustu greininni, en hún er þannig hljóðandi:

8. grein: Það skal falið á hendur póststjórninni að ákveða, hvort senda megi með pósti peninga millum konungsríkisins og Íslands. Um annað, er sent er með pósti, með hinu íslenska póstskipi, skulu gilda reglur þær, sem settar eru í 1.—6. grein, þó á þann hátt, að burðareyrið fyrir sjóleiðina sé helmingi meiri, en hinn almenni bréfburðareyri á Íslandi (smbr. 4. og 6. grein).

En frumvarpið, er lagt var fyrir alþingi, er þannig hljóðandi:

Frumvarp

til

tilskipunar fyrir Ísland, um sendingar með póstum.

1. grein.

Til að senda með póstum á Íslandi skal tekið við bréfum og bögglum, sem eigi eru þyngri en 5 pund, og eigi stærri en 18 þumlungar á lengd og 9 þumlungar á hæð og breidd. Á vetrarferðum skal aðeins tekið við bréfum og bögglum, sem eigi eru þyngri en hálft pund.

1861.

Í tvöföldum umslögum má senda bankaseðla og önnur peningaskjöl, er hljóða upp á þann, er þau hefir í höndum; einnig peninga allt að 4 ríkisdöllum í hálfum eða heilum spesíum, og 95½ skilding í smápeningum; meiri peninga má þar á móti aðeins senda í tvöföldum pokum, sæmilega sterkum.

Frá því, er senda má með póstum, er undanskilið: púður, skeiðvatn, brennisteinssýra, saltsýra og aðrar etandi sýrur, brennisteinsspítur og aðrir þeir hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru.

2. grein.

Fyrir allt það, sem sent er með póstum, skal fyrirfram greiða burðareyri. Frá þessu er undanskilið það, sem sent er í konungleg erindi; skal það fyrst um sinn, eins og verið hefir, vera undanþegið burðareyri. Með því, sem sent er í konungleg erindi, skal eigi talið það, sem snertir sveitamál eða þær stofnanir, er eiga sérstaklegan fjárstofn, en þar á móti bæði það, sem yfirvöldin senda sín á milli eður til einstakra manna, og snertir almenn málefni, og það, sem einstakir menn senda yfirvöldunum, ef sá, er það sendir, hefir ritað utan á það, og skrifað sjálfur nafn sitt undir, að ekki sé í því neitt annað en skýrsla, er honum hafi verið boðið að senda, eða álitsskjal, er hafi verið af honum heimtað.

3. grein.

Burðareyrir skal vera hinn sami fyrir öll bréf og böggla, sem send eru frá einhverjum stað eða til einhvers staðar á Íslandi, og skal eigi tekin til greina vegalengd.

Fyrir bréf og böggla, sem beðið er um að sendir seu á eptir manni, eða seu sendir til baka, skal eigi greiða annan burðareyri en þann, er upphaflega var greiddur.

4. grein.

Burðareyrir fyrir einföld bréf er 6 skildingar, nema svo sé, að þegar þau voru afhent, til þess þau yrðu send með pósti, hafi verið á þau fest frímerki, sem póstmálastjórnin gefur út í þessum tilgáangi, og skal hvert frímerki, er gildir fyrir burðareyri

einfalds bréfs, borgað 4 skildingum, en 100 frímerki 4 ríkisdöllum.

Þau bréf skulu talin einföld bréf, sem vega 1 lóð á danskri verzlunarkvittu, og þaðan af minna.

Fyrir bréf, sem vega meira en 1 lóð, en eigi meira en 2 lóð skal greiddur tvöfaldur bréfburðareyris eður 2 frímerki viðhöfð,

—	-	2	-	—	—	3	-	3	faldur	burðareyris	eða	3	frímerki,
—	-	3	-	—	—	4	-	4	—	—	—	4	—
—	-	4	-	—	—	5	-	5	—	—	—	5	—
—	-	5	-	—	—	6	-	6	—	—	—	6	—
—	-	6	-	—	—	7	-	7	—	—	—	7	—
—	-	7	-	—	—	8	-	8	—	—	—	8	—

Eigi má, í stað þess að greiða burðareyri, viðhafa frímerki, þegar ritað er á sendingar: „burðareyris borgaður“ eða því um líkt.

Fyrir bréf þau, sem ritað er á: „Falið á hendur“ eða „N.B.“ skal, auk burðareyris eptir þyngd bréfsins, greiða í ómakslaun jafnmikið og burðareyris er fyrir einfalt bréf; slík bréf skulu eigi afhent nema mót kvittun.

5. grein.

Sérhver sending, sem er þyngri en 8 lóð, er böggull.

Fyrir böggla frá 8 til 10 lóða skal greiða 9fald. burðareyris, eða hafa 9frím.

—	—	10	-	12	—	—	—	10	—	—	—	10	—
—	—	12	-	14	—	—	—	11	—	—	—	11	—
—	—	14	-	16	—	—	—	12	—	—	—	12	—
—	—	16	-	20	—	—	—	13	—	—	—	13	—
—	—	20	-	24	—	—	—	14	—	—	—	14	—
—	—	24	-	28	—	—	—	15	—	—	—	15	—
—	—	28	-	32	—	—	—	16	—	—	—	16	—
—	—	32	-	40	—	—	—	17	—	—	—	17	—
—	—	40	-	48	—	—	—	18	—	—	—	18	—

og svo framvegis burðareyri eins og fyrir einfalt bréf (1 frímerki) að auki fyrir hver átta lóð, er böggullinn er þyngri, allt að 5 pundum.

Þegar bréf fylgir með, skal það og böggullinn vegið í einu lagi, þá er ákveða skal burðareyri.

1861.

6. grein.

Nú eru dagblöð og önnur blöð og tímarit, sem koma út að minnsta kosti einusinni í mánuði, send með pósti, og aðeins bundið krossbandi utanum, og eigi annað skrifað en utanáskriptin, nafn þess er sendir, hvaðan það er sent og hvenær, og hafi þar að auki útgefandi, ef ritið kemur út á Íslandi, skuldbundið sig til að senda það eingöngu með póstum, þá skal greiða tvöfaldan bréfburðareyri, 12 sk., eður viðhafa tvö frímerki, fyrir það, sem eigi vegur meira en 8 lóð, þrefaldan burðareyri, eða 3 frímerki, fyrir 8 til 16 lóð, en fyrir það, sem vegur meira en 16 lóð, skal greiða burðareyri eins og fyrir einfalt bréf fyrir hver 4 lóð, sem umfram eru.

Bréf, sem með eru, skulu metin til burðareyris sèr, eptir sömu reglum og bréf.

7. grein.

Póststjórnin tekur að sèr ábyrgð á peningum, sem sendir eru með póstum á Íslandi, — nema fyrir slysförum, er skeytingarleysi póststjórnarinnar eigi verður um kennt — ef sá, er peningana sendir, lætur hlutadeigandi pósthjón telja þá, er hann afhendir þá, og auk burðareyris eptir 4. eða 5. grein greiðir gjald það, er nú skal tilgreint:

Fyrir peninga, er eigi nema meira en 5 rdl., eins og fyrir einfalt bréf, frá 5 rdl. til 25 rdl., eins og fyrir tvöfalt bréf; og að auki fyrir það, sem umfram er 25 rdl., einsog fyrir tvöfalt bréf fyrir hverja 25 ríkisdali.

Kvittun fyrir móttöku peninganna skal póststjórnin veita án sèrstakrar borgunar.

Skyldan til að bæta skaðann hverfur:

- a. þegar sá, sem við peningunum á að taka, hefir gefið kvittun fyrir móttöku þeirra, og
- b. þegar ekki er krafist skaðabóta áður eitt ár er liðið frá því, er peningarnir voru afhentir.

Nú vilja menn senda þá peninga, er fara með pósti, áfram til Kaupmannahafnar, og æskir sá, er peningana sendir, að þeir sèu borgaðir í jarðabókarsjóðinn, þá skal þess kostur, ef

1861.

sent er auk bréfsins til þess, er á að fá peningana, skrifleg beiðni til póstmeistarans í Reykjavík um að borga feð í jarðabókarsjóðinn og senda ávísunina þeim, sem peningarnir eru til; skal þar að auki senda póstmeistarann einn af hundraði af peningunum fyrir móttöku þeirra í jarðabókarsjóðinn, og í póstgjald fyrir þá peninga, er eigi nema meiru en 5 rdl. . . . 8 sk. frá 5 rdl. til 25 rdl. 12 -
 — 25 — — 100 — 16 -
 — 100 — fyrir hverja 100 rdl. 16 -

Hundraðsgjald það, er nú var nefnt, má aðeins greiða með peningum; en önnur gjöld, þau er nefnd eru í þessari grein, má einnig greiða með frímerkjum.

Póststjórnin tekur ekki að sér neina ábyrgð til skaðabóta á öðru því, sem sent er með póstum, en peningum.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á 29. maím. alþingi, um laun málaflutningsmannanna við landsyfírréttinn.

Eins og yður er kunnugt, herra amtmaður¹, setti dómsmálastjórnin 30. júlím. 1858, samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. s. á., þá Hermann Elías Jónsson, cand. juris, og Jón Guðmundsson, examinatus juris, til að vera fyrst um sinn málaflutningsmenn í yfirdóminum á Íslandi, meðal annars með þeim kjörum, að þeir hvor um sig skyldu fá 250 rd. í laun á ári, er fyrst um sinn í 3 ár skyldu greidd úr dómsmálasjóði Íslands, en síðan skyldi leitað álits alþingis um það, hvaðan greiða skyldi laun þeirra, ef sú yrði raun á, að dómsmálasjóðurinn gæti ekki eptirleiðis látið af hendi fê þetta.²

Með því þessi 3 ár eru liðin 30. júlím. í sumar, og svo virðist, eptir því sem ráða má af skýrslu stiptamtanns og álits-

1) Bréfið er stilað til Melsteðs amtmanns, er eigi var komin fregn um lát hans þá er það var ritað.

2) Sjá Konunglega Augl. til Alþingis 27. maím. 1859, II. 7.